

Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps

samþykkt á starfsdegi 22. ágúst 2025

Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps byggir á:

1. [Lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61, 7. júní 2011](#) og
2. [Íslenskri málstefnu 2021-2030, samþykkt 6. september 2021](#).

Stefna

Tónskóli Mýrdalshrepps þjónar stórum hópi nemenda innan sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Hann miðlar tónlistarlegri þekkingu til nemenda á öllum aldri og hefur því mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna. Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps tekur mið af þessu. Skólinn leggur áherslu á að efla faglega umræðu um tónlistarkennslu á íslensku, samhliða því að miðla á íslensku þekkingu til samfélagsins alls.

Íslenska er samskiptamál skólans, bæði sem talmál og ritað mál, hvort sem er í kennslu eða stjórnsýslu. Mál það sem notað er í Tónskóla Mýrdalshrepps skal vera vandað, einfalt og skýrt.
(8. og 10. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls).

Tónskóli Mýrdalshrepps gerir þær kröfur til starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun íslensku í kennslu.

Nemendur skulu fá kennslu á íslensku. Með því að tala íslensku í kennslustundum styðja tónlistarskólakennarar við máltöku og málþroska barna.

Framkvæmd og útfærsla

1. Íslenska er samskiptamál skólans. Á það við um talað og ritað mál í samskiptum við nemendur, foreldra, kennara, annað samstarfsfólk og stjórnsýslu.
2. Kennst er á íslensku. Í kennslu eru kennarar hvattir til að ræða við nemendur sína um þýðingar einstakra hugtaka úr erlendum tungumálum, svo sem ítölsk tónlistarheiti.
3. Erlendir starfsmenn Tónskóla Mýrdalshrepps eru hvattir til að sækja námskeið í íslensku og tileinka sér tungumálið. Upplýsingar um íslenskunám má m.a. finna á heimasíðu Fjölmennningardeildar Vinnumálastofnunar: <https://mcc.is/is/ad-bua-a-landi/menntun/islenskunam>. Áhersla er lögð á að erlendir kennarar kenni á íslensku eins fljótt og auðið er og efli um leið orðaforða sinn á kennslufræðilegum og tónfræðilegum hugtökum.
4. Íslenskumælandi kennarar tali íslensku við erlenda kennara. Þetta er mikilvægur liður í að þeir nái tökum á íslenskunni. Með samræðu eykst orðaforði og þeir styrkjast sem einstaklingar í íslensku samfélagi.

Umsjón og ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á málstefnu Tónskóla Mýrdalshrepps, en framkvæmd er á ábyrgð allra starfsmanna skólans.